

Fundur í stjórn Hugvísindastofnunar 22. júní 2012 kl. 10:30 í Aðalbyggingu HÍ

Mætt voru: Arnfríður Guðmundsdóttir, Auður Hauksdóttir, Ármann Jakobsson, Ástráður Eysteinnsson (sem stjórnaði fundi), Höskuldur Þráinsson, Róbert H. Haraldsson, Valur Ingimundarson, Vilhjálmur Árnason, Margrét Guðmundsdóttir og Eiríkur Smári Sigurðarson (sem ritaði fundargerð). Irma Erlingsdóttir og Guðni Elísson boðuðu forföll.

Fundargerð

- Fundargerðir síðustu funda:* Fundargerð vegna fundar 28. febrúar samþykkt án breytinga. Fundargerð vegna fundar 11. apríl samþykkt með breytingu á þriðja lið (ársfundur verði haldinn „sem dagsrárlíður á sviðsþingi“).
- Reglur Rannsóknasjóðs Hugvísindastofnunar:* ESS kynnti tillögur að breytingum í kjölfar umræðu á síðasta fundi. Starfsfólk Hugvísindastofnunar var beðið um að gera endanlega tillögu að breytingum á texta í reglunum til að taka til afgreiðslu á næsta fundi.
- Tillaga um ráðningu sérfræðings:* ÁE lagði til að Björn Þorsteinsson yrðir ráðinn sem sérfræðingur við Heimspekistofnun með stuðningi Hugvísindastofnunar. Fyrir lá minnisblað um forsendur ráðningarinnar, m.a. um að Heimspekistofnun legði eina milljón til og að framlag Hugvísindastofnunar yrði 800.000 kr. Annað kæmi frá styrkjum, launum frá Hinu íslenska bókmenntafélagi og þóknun vegna ritstjórnar *Ritsins*. Í umræðum var spurt um jafnræðisreglu og hvort ritnefnd *Ritsins* væri með í ráðum. ÁE svaraði að öllum stæði svona ráðning til boða að uppfylltum forsendum sem koma fram í viðmiðunarreglum sem stjórn Hugvísindastofnunar samþykkti á sínum tíma og að samráð yrði haft við ritstjórn *Ritsins*. Samþykkt einróma og ÁE, MG og ESS falið að vinna málið áfram.
- Ritstjórn Ritsins:* ÁE bar upp til umræðu nokkur mál tengd ritstjórn *Ritsins*. Rætt var um hversu lengi ætti að ráða ritstjóra hverju sinni, hversu mörg gestahefti (hefti undir ritstjórn gestaritstjóra) hvers árs ættu að vera, ráðningu ritstjóra og aðkomu ritnefndar að ráðningunni og verkaskiptingu ritnefndar og stjórnar Hugvísindastofnunar. Ákveðið var að ráðning ritstjóra yrði alltaf borin undir ritnefnd þótt stjórn Hugvísindastofnunar réði í starfið. Samþykkt var að halda áfram með gestahefti en að jafnaði ekki fleiri en eitt á ári.
- Reglur Miðaldastofu:* Reglurnar voru bornar upp og samþykktar á aðalfundi Hugvísindastofnunar og bornar upp á þessum fundi til staðfestingar. Engar athugasemdir komu.
- Önnur mál:*
 - A: ESS bað um og fékk samþykki stjórnar fyrir því að taka fyrir umsókn frá Torfa Tulinius um styrk vegna sóknar í alþjóðlega sjóði milli auglýstra umsóknafresta.
 - B: MG bað fundarmenn um að athuga hvort stjórnir stofnananna væru allar rétt skráðar á heimasíðum.
 - C: ÁE bar fram ósk um að stofnanir sviðsins hefðu samráð þegar kæmi að því að velja formenn til að stuðla að kynjajafnvægi í stjórn Hugvísindastofnunar, þar sem hún er skipuð formönnum stjórna aðildarstofnananna.
 - D: AH upplýsti að hún yrði áfram forstöðumaður SVF vegna eindreginnar hvatningar. Ný stjórn SVF verður sú fyrsta sem er skipuð skv. nýjum reglum.
 - E: Fljótlega verður gengið frá reglum fyrir nýju tungumálamiðstöðina og stjórn hennar skipuð.

Fundi slitið kl. 12:00